

Ágæti viðtakandi.

Mannanafnanefnd sendir yður í viðhengi umsögn um 9. mál, lagafrumvarp, 149. löggjafarþing 2018–2019. Nefndin telur ekki ástæðu til að endurskoða umsögnina sem samin var vegna fyrri gerðar frumvarpsins, dags. 5. mars 2018.

Kveðja,

Sigurður Konráðsson prófessor
formaður mannanafnanefndar

Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Reykjavík, 5. mars 2018.

Athugasemdir mannanafnanefndar við frumvarp til laga um mannanöfn, sem fella eiga úr gildi lög nr. 45/1996, sbr. þingskjal 150 – 83. mál á 148. löggjafarþingi 2017-2018.

1. Inngangsorð

Lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls, nr. 61/2011, eru gagnmerk á margar hátt. Í þeim endurspeglast stefna og áherslur í fjölmörgum lögum sem Alþingi hefur samþykkt á undanförunum árum og áratugum. Í lögnum segir meðal annars í 5. gr. „Ríki og sveitarfélög bera ábyrgð á að varðveita og efla íslenska tungu og skulu sjá til þess að hún sé notuð.“ Enn fremur segir í sömu grein: „Um málstefnu og stöðu íslenskrar tungu skal leitað samvinnu við Íslenska málnefnd...“ Alþingi samþykkti einróma málstefnu Íslenskrar málnefndar 12. mars 2009 og Íslendingar öðluðust þar með fyrstu málstefnu sína sem kölluð er *Íslenska til alls*. Páverandi mennta- og menningarmálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, fylgdi stefnunni úr hlaði meðal annars með þessum orðum:

Í íslenskri málstefnu er megináhersla lögð á að treysta stöðu íslenskrar tungu í samfélaginu. Aðalmarkmið stefnunnar er að tryggja að íslenska verði áfram notuð á öllum sviðum íslensks samfélags. Íslenska er sameign okkar sem tölum hana og því er framtíð hennar í okkar höndum. Óhætt er að segja að staða íslenskrar tungu sé sterk en þó má benda á einstök svið þar sem hún hefur farið halloka fyrir öðrum tungum.

Í *Íslensku til alls* (2012) kemur fram að með varðveislu íslenskrar tungu sé „átt við að halda órofnu samhengi í máli frá kynslóð til kynslóðar, einkum að gæta þess að ekki fari forgörðum þau tengsl sem verið hafa og eru enn milli lifandi máls og bókmennta allt frá upphafi ritaldar“ (bls. 9).

Í fjölmörgum öðrum lögum, reglugerðum, auglýsingum og ýmiss konar fyrirmælum eins og námskrám er rætt um íslenskt mál og málnotkun. Nánast undantekningarlaust er þar að finna fyrirmæli þar sem hugtökin verndun íslenskrar tungu og efling hennar eru lykilorð. Verður aðeins bent á tvennt: Lög um örnefni, nr. 22/2015, og Auglýsingu um stafsetningu, nr. 132/1974 með síðari breytingum, og auglýsingu um setningu greinarmerkja, nr. 133/1974 með síðari breytingum.

2. Hvers vegna lög um mannanöfn?

Rétt er að taka fram að mannanafnanefnd hefur það meginhlutverk að framfylgja lögunum eftir bestu vitund, en er ekki ætlað að vera sérstakur talsmaður gildandi laga. Starfs síns vegna hefur nefndin hins vegar kynnt sér lögina vel og þau sjónarmið sem þjuggu að baki samningu þeirra, og telur ástæðu til þess að reifa nokkur atriði sem lítið sem ekkert tillit er tekið til í frumvarpi því sem liggur fyrir Alþingi.

Í greinargerð nefndar, sem samdi núgildandi lög frá 1996, segir um meginhugmyndir og markmið hennar meðal annars:

Nafn manns er einn mikilvægasti þáttur sjálfsímyndar hans og varðar fyrst og fremst einkahagi hans en síður almannahag. Réttur foreldra til þess að ráða nafni barns síns hlýtur og að vera ríkur en réttur löggjafans til afskipta af nafngjöfum að sama skapi takmarkaður.

Í greinargerð með nýju frumvarpi um mannanöfn, sem hér er til umsagnar, kemur fram (II. kafli):

Nafn er nátengt sjálfsmynd og sjálfsvitund fólks og varðar fyrst og fremst einkahagi og persónurétt. Í þeim lögum um mannanöfn sem lagt er til að breyta eru víðtækar takmarkanir á þessum rétti sem ekki verða rökstuddar með vísan til almannahagsmuna eða annarra hagsmuna sem réttlætanlegt er að byggja á í nútímasamfélagi.

Einnig segir þar (III. kafli):

Íslensk nafnahefð og íslenskt málkerfi er varið með neikvæðum íþyngjandi formerkjum í núgildandi lögum.

Með öðrum orðum töldu þeir, sem sömdu núgildandi lög um mannanöfn, að ríka áherslu ætti að leggja á persónurétt umfram rétt löggjafans til afskipta af nafngjöfum. Eigi að síður segir í greinargerð með nýju frumvarpi að í núgildandi lögum séu víðtækar takmarkanir á þessum rétti. Hér er greinilegt misræmi og þykir nefndinni ástæða til að gera nánar grein fyrir takmörkunum sem nú gilda.

Helstu takmarkanir sem um ræðir í núgildandi lögum snúa að eftirfarandi þáttum:

Kenninöfn

- Réttur til þess að bera ættarnafn er mjög takmarkaður því að óheimilt er að taka upp ný ættarnöfn.
- Kenninöfn skulu mynduð þannig að á eftir nafni föður eða móður í eignarfalli er bætt við son ef um er að ræða karlmann en dóttir ef um er að ræða kvenmann.

Eiginnöfn

- Eiginnafn skal geta tekið íslenska eignarfallsendingu eða hafa unnið sér hefð í íslensku máli. Nafnið má ekki brjóta í bága við íslenskt málkerfi. Það skal ritað í samræmi við almennar ritreglur íslensks máls nema hefð sé fyrir öðrum rithætti þess.
- Stúlku skal gefa kvenmannsnafn og dreng skal gefa karlmannsnafn.

- Eiginnafn má ekki vera þannig að það geti orðið nafnbera til ama.
- Eiginnöfn mega ekki vera fleiri en þrjú (eiginnöfn og millinöfn mega ekki vera fleiri en þrjú samtals).

Ef frá eru talin amaákvæðið og ákvæði um að fjölda nafna eru takmarkanirnar í lögum 1) til þess að vernda íslenska nafnasiði, sér í lagi íslenska kenninafnakerfið en einnig eru rótgróin nöfn vernduð fyrir afbökunum, og 2) til þess að nöfn samræmist íslensku málkerfi og ritreglum. Þó er viss skörun á milli þessara atriða.

1. Takmarkanir til verndunar íslenskra nafnasiða:

Eins og áður sagði er tekið fram í greinargerð fyrir nógildandi lögum að réttur löggjafans til afskipta af nafngiftum skuli vera takmarkaður. En þó segir þar:

Sumir nafnsiðir eru þó þess eðlis að þeir snerta ekki síður veigamikla hagsmuni samfélagsins en einkahagi manna og er réttur löggjafans til afskipta af þeim þá meiri en ella. Eins og hér kemur fram síðar lítur nefndin svo á að þetta eigi einkum við um íslenska kenninafnasiðinn.

Fyrst skal litið á kenninöfn.

Í eldri lögum (nr. 37 frá 1991) var íslenski kenninafnasiðurinn festur í sessi með því að gera skylt að allir bæru föður- eða móðurnafn sem kenninafn nema þeir sem samkvæmt þjóðskrá báru ættarnöfn fyrir, en þeir og niðjar þeirra máttu bera þau áfram (sambærileg lög höfðu reyndar gilt lengi áður en ekki verið framfylgt að fullu). Með þessu móti voru reistar skörður við að frekar væri þrengt að föður- og móðurnöfnum. Í þessum lögum var aðeins gert ráð fyrir tveimur tegundum nafna, kenninöfnum og eiginnöfnum. Ekki var hægt að taka upp ígildi ættarnafns við hlið föður- eða móðurnafns vegna þess að ákvæði um eiginnöfn útilokuðu nöfn eins og *Hrútfjörð* eða *Skíðdal*.

Í nógildandi lögum fólust hins vegar þau nýmæli að búinn var til nýr flokkur nafna, svokölluð „millinöfn“, sem m.a. voru hugsuð til þess að gera fólki kleift að taka upp ígildi ættarnafna. Allir geta því tekið upp sem millinafn ígildi ættarnafns sem ekki er frábrugðið formlegu ættarnafni að öðru leyti en því að millinafn kemur ekki í stað föður- eða móðurnafns sem kenninafn.

Samkvæmt frumvarpinu verður ákvæðið um að óheimilt sé að taka upp ný ættarnöfn fellt brott þannig að öllum verður heimilt að nota ættarnafn sem kenninafn í stað föður- og móðurnafns. Í greinargerðinni er lögð áhersla á að hvað ættarnöfn snertir mismuni nógildandi lög „þegnum landsins eftir ætt og uppruna“.

Ef öllum verður frjálst að taka upp ættarnöfn sem kenninöfn er hætta á því að hinn íslenski kenninafnasiður muni eiga undir högg að sækja. Á hinn bóginn má telja að nógildandi lög um mannanöfn feli í sér viðunandi málamiðlun til að sætta sjónarmið verndunar og jafnræðis. Fólk sem áður bar ættarnafn sem kenninafn fær að gera það áfram og niðjar þeirra sömuleiðis. Sama gildir um erlenda menn sem fá íslenskt ríkisfang. Aðrir hafa kenninöfn eftir íslenskum nafnsiðum en mega einnig taka upp ígildi ættarnafns, hið svokallaða millinafn.

Í þessu sambandi má einnig benda á að í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir því að ættarnöfn njóti einhvers konar verndar gagnvart því að vera tekin upp af ótengdum aðilum. Benda má á að í nafnalögum nágrannalanda er gert ráð fyrir slíku.

Í frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir því að brott falli ákvæði um að eiginnöfn séu skilgreind sem kvenmanns- og karlmannsnöfn og að stúlku skuli gefa kvenmannsnafn en dreng karlmannsnafn. Ef þetta nær fram að ganga er vegið að íslenskri nafnahefð að því leyti að hægt verður að nefna dreng Þorgerði en stúlku Sigurð. Hér mætti ef til vill gera þá málamiðlun að við hlið skilgreindra kvenmanns- og karlmannsnafna mætti bæta við flokki nafna, þar sem fyrst og fremst væri um að ræða tökunöfn, sem gefa mætti bæði stúlkum og drengjum. Hér mætti líta til danskra nafnalaga sem fordæmi.

2. Takmarkanir með skírskotun til íslensks málkerfis og íslenskra ritreglna

Takmarkanir með skírskotun til íslensks málkerfis og íslenskra ritreglna eru í grunninn af þrennu tagi í núgildandi lögum:

1) Eiginnafn skal geta tekið íslenska eignarfallsendingu.

Í greinargerð fyrir lögnum segir að ákvæðinu sé ætlað að „ tryggja að ný tökunöfn lagist að reglum íslensks máls að nokkru marki að minnsta kosti og stefni íslenska beygingakerfinu ekki í voða.“

2) Nafnið má ekki brjóta í bága við íslenskt málkerfi.

Í greinargerð er málkerfi skýrt sem „samsafn þeirra reglna sem unnið hafa sér hefð í íslensku máli.“ Tilgangur þessa ákvæðis er að koma í veg fyrir afbakanir á rótgrónum nöfnum (notkun mynda eins og Guðmund og Þorstein í nefnifalli eða nýmyndanir á borð við Guðmundrún, Guðmundpáll, Ragnhildmundur) og stuðlar því einnig að verndun íslenskra nafnahefða. Ákvæðið hindrar einnig að teknir séu inn í íslenskt mál nafnstofnar sem eru ósamrýmanlegir íslenskum hljóðskipunarreglum, þ.e. reglum um það hvernig hljóð raðast saman í íslensku. Þannig gengur t.d. nafn á borð við Ntandri ekki vegna þess að stofninn Ntandr- samrýmist ekki íslenskum hljóðskipunarreglum. Ákvæðið stuðlar að því að íslenskum málnotendum sé með góðu móti unnt að bera fram ný nöfn.

3) Nafn skal ritað í samræmi við almennar ritreglur íslensks máls.

Ákvæðið felur í sér að ritun nafna skuli fara eftir opinberum stafsetningarreglum. Ekki er hægt að hrófla við rithætti rótgróinna nafna (t.d. rita Guðmundur eða Guðmunndur í stað Guðmundur) og tökunöfn verður að rita eftir íslenskum ritreglum (t.d. Vilma en ekki Wilma). Vert er að nefna að ákvæðið gerir að verkum að nöfn verður að rita með bókstöfum íslenska stafrófsins. Án þessa ákvæðis er ekki komið í veg fyrir að íslensk nöfn séu rituð með öðrum bókstöfum; mikill fjöldi ólíkra bókstafa hefur verið búinn til með því að bæta stafmerkjum við latnesku grunnstafina og til dæmis fyrirséð að flókið yrði að raða nöfnum í stafrófsröð ef mikill fjöldi bókstafa tíðkaðist í þeim (sbr. leiðbeiningar um stafróf og stafrófsröð tákna utan íslenska stafrófsins: <http://www.arnastofnun.is/solofile/1017016>). En þá er ekki heldur ljóst að

óheimilt yrði að fara fram á að láta rita nafn með öðru letri en því latneska, t.d. kyrillísku letri eða arabísku.

Rétt er taka fram að gert er ráð fyrir því í nágildandi lögum að víkja megi frá ofangreindum ákvæðum ef hefð er fyrir nöfnum sem brjóta í bága við þau. Mannanafnanefnd hefur sett sér verklagsreglur um hvaða skilyrðum tökunöfn þurfi að fullnægja til þess að teljast hafa unnið sér hefð samkvæmt gildandi lögum og er gert ráð fyrir að þær séu reglulega endurskoðaðar (það var síðast gert árið 2015).

3. Lög um mannanöfn í Evrópulöndum

Lög um mannanöfn takmarka lögleg nöfn sem unnt er að gefa barni. Lög af þessu tagi eru mjög víða í gildi og eru yfirleitt þess eðlis að þau takmarka orð vegna merkingar, ritunarháttar eða leturs (til dæmis kyrillísku leturs eða latínulets).

Annars staðar á Norðurlöndum eru einnig í gildi lög um mannanöfn. Í flestum tilvikum eru þau ítarlegri en hin íslensku. Í flestum öðrum Evrópulöndum er einnig að finna lög um mannanöfn. Ýmist er þá um að ræða sérlög svipað og á Norðurlöndum eða lagagreinar í heildarlögum um þjóðskrá. Dæmi er unnt að taka af pólskum lögum. Í lögum um þjóðskrá (2014) segir að þangað skuli tilkynna um nafn barns. Nöfnin megi ekki vera fleiri en tvö og af nafni megi ráða kyn barns. Ekki megi gefa barni nafn með stuttnefni og merking nafns má ekki vera barni til ama. Sé ekki orðið við þessu fyrir mælum ákveða embættismenn nafn barns.

4. Mótsögn

Mennta- og menningarmálaráðherra kynnti 11. ágúst 2017 *Nýja verkáætlun um máltækni fyrir íslensku árið 2018-2022* og var henni fylgt eftir með umtalsverðri fjárveitingu í fjárlögum til máltækniverkefna af ýmsu tagi. Full ástæða er til þess að fagna þessari niðurstöðu. Með verkáætluninni er meðal annars stefnt að því að tryggja veg og viðgang íslenskrar tungu. Það kann að skjóta skökku við að lagt sé fram á Alþingi frumvarp sem beinlínis vinnur gegn markmiðum sem þeim sem hér greinir.

5. Athugasemdir við frumvarpið

Í athugasemdum í greinargerð með fyrirliggjandi frumvarpi segir að með því að fella brott ákvæði þess efnis að nöfn stangist ekki á við íslenskt málkerfi sé opnað fyrir möguleikann á því að tungumálið og nöfn þar á meðal fái að taka breytingum og þróast. Með vísan til framanritaðs er ljóst að mikilvægt þykir að vernda og varðveita íslenska tungu. Eru þannig til reglur um stafsetningu og málfræði og engin ástæða til að undanskilja mannanöfn. Í frumvarpinu segir að andi frumvarpsins sé frjálslundur og leggi áherslu á að fólki sé treyst til að viðhalda menningu og siðum, sem hafi merkingu fyrir það sem hluta af stærri heild. Með sömu rökum vilja flutningsmenn þá væntanlega afnema reglur um stafsetningu og fela þjóðinni vald til að stafsetja orð eftir eigin höfði. Telur mannanafnanefnd mótsögn í að vilja

varðveita íslenska tungu og fela einstaklingum fullkomið frelsi til að stafsetja nafn sitt. Í frumvarpinu segir að viljinn til að standa vörð um hefðir og venjur verði ekki þvingaður upp á fólk með boðum og bönnum. Mannanafnanefnd getur ekki tekið undir þetta enda ljóst að um stafsetningu verða að gilda boð og bönn, af augljósum ástæðum.

6. Lokaorð

Leitun er að foreldrum sem láta sig einu gilda hvaða nöfn þau gefa börnum sínum. Foreldrar vanda sig jafnan þegar kemur að því að velja barni nafn eða nöfn. Endanleg ákvörðun er sennilega oftast tekin í fullri sátt foreldra og þeirra við samfélag. Í undantekningartilvikum óska foreldrar eftir því að nota nafn eða nöfn sem ekki er að finna á skrá um leyfileg mannanöfn í íslensku eða rithátt þeirra. Í lögum um mannanöfn er farvegur þangað sem slíkum erindum er beint og úrskurðað um vafatilvik. Í flestum tilvikum er afgreiðsla fremur einföld en stundum bregður svo við að nöfnin sem sótt er um eru ekki í samræmi við lög og þeim er því hafnað. Höfnun er í eðli sínu afar sár. En athygli vekur að jafnvel nöfnum sem hefur ekki verið hafnað en ástæða hefur þótt til að láta á reyna eru oft alls ekki notuð þegar til kastanna kemur. Þá virðist sem almennt sé ekki kunnugt að flestir úrskurðir mannanafnanefndar snúa að rithætti nafna, hvort heimilt sé að rita íslenskt nafn andstætt íslenskri stafsetningu og málvenju, t.d. Svanhvít með w eða Maggnús með tveimur g-um. Mannanafnanefnd telur ljóst að þar ættu þeir almannahagsmunir að vernda íslenska tungu og málfar að vega þyngra en réttur einstaklingsins til að rita nafn sitt þvert á reglur og málvenjur. Örfá dæmi um úrskurði mannafnanefndar hafa verið áberandi í fjölmiðlum síðustu ár en þau gefa ekki rétta mynd af starfsemi nefndarinnar.

Frelsi er hugtak sem oft bregður fyrir í umræðum um mannanöfn. Alþingsmenn nota það töluvert en alkunna er að eitt mikilvægasta starf Alþings er að setja þegnum lög sem auðvitað eru ekkert annað en leikreglur. Eðli máls samkvæmt svipta þau þegna frelsi í flestum tilvikum. Hvers vegna getum við ekki stafsett á þann hátt sem okkur líkar best? Hvað mælir gegn því að við notum aðra leturgerð en okkur er tömust, til dæmis kyrillískt eða arabískt letur í stað hins hefðbundna latneska? Hvað er athugavert við að rita nöfn í íslenska þjóðskrá grísku letri eða nota kínverskt myndletur? Leiðirnar eru vissulega fjölmargar en augljóst að óhagkvæmi sem hlýst af ótakmörkuðu frelsi leiðir til glundroða.

Alþingi er nauður einn kostur að starfa í samræmi lög sem það hefur sjálft samþykkt og gilda í landinu. Nægir þar að vísa enn til heildarlaga um íslenskt mál, laga um örnefni, auglýsinga um stafsetningu og setningu greinarmerkja og námskrá handa leik-, grunn- og framhaldsskólum.

Loks er ástæða til að vísa til athugasemda mannanafnanefndar við þingskjal 523, 389. máli á 144. löggjafarþingi 2014-2015. Sérstaklega skal minnt á að mannanafnanefnd hefur ítrekað óskað eftir því við viðkomandi ráðuneyti að núverandi lög um mannanöfn yrðu endurskoðuð.

Mannanafnanefnd telur fyrirbyggjandi frumvarp ekki vera til bóta og beinlínis skaðlegt íslenskri tungu og leggst gegn því að það verði samþykkt.

Sigurður Konráðsson formaður mannanafnanefndar

Aðalsteinn Hákonarson nefndarmaður í mannanafnanefnd

Auður Björg Jónsdóttir nefndarmaður í mannanafnanefnd